AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi á lóð nr. 1 við Holtabyggð í Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 16. ágúst 2005 breytingu á deiliskipulagi á lóð nr. 1 við Holtabyggð í Hafnarfirði. Breytingin felst í tveimur byggingarreitum sitt hvorum megin við íbúðarhúsið. Framangreind lóð stækkar um 5 m til vesturs og stækkar úr 1612,8 fm í 1812,8 fm. Breyting verður á staðsetningu bílastæða. Farið var með breytinguna samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 26. ágúst 2005.

Anna Sofia Kristjánsdóttir arkitekt.

2. september 2005 Nr. 814

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 382, 30. mars 2005.

1. gr.

2. ml. 2. mgr. 5. gr. orðist svo: Leyfi til þessara veiða skulu bundin því skilyrði að fari hlutur bolfisks yfir 15% af heildarafla á hverju veiðitímabili, sbr 1. mgr., skal leggja gjald á viðkomandi útgerð vegna þess bolfiskafla sem umfram 15% er skv. lögum nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla.

2. gr.

Við 8. gr. reglugerðarinnar bætist ný mgr. sem orðist svo: Við veiðar í dragnót í Faxaflóa er óheimilt að nota steinastiklara (rockhoppara) á fótreipi dragnótarinnar.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 6. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 12. september 2005.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. september 2005.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

24. ágúst 2005 Nr. 815

GJALDSKRÁ

fyrir búfjáreftirlit í Austurbyggð.

1. gr.

Gjald fyrir haustskoðun sbr. 11. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl. skal miðast við tímaeiningu. Gjald á tímaeiningu, sem er ein klst., er kr. 5.000.